



---

# Fundargerð stjórnar HSÍ

Miðvikudaginn 1. mars 2023



## **Sjöundi fundur 65. stjórnar HSÍ var haldinn í á skrifstofu HSÍ, miðvikudaginn 1. mars 2023 kl. 12.00.**

Mættir voru, Guðmundur B. Ólafsson, Arnar Þorkelsson, Inga Lilja Lárusdóttir, Jón Viðar Stefánsson, Kristján Gaukur Kristjánsson, Kristín Þórðardóttir, Páll Þórólfsson, og Reynir Stefánsson. Róbert Geir Gíslason, framkvæmdarstóri HSÍ sat fundinn og ritaði fundargerð.

Forföll: Alfreð Örn Finnsson, Guðríður Guðjónsdóttir, Hrafnhildur Ósk Skúladóttir og Ragnar Lárus Kristjánsson.

Fjarverandi: Engin

### **Þetta gerðist:**

1. Fundargerð síðasta fundar lögð fram til samþykktar  
Fundargerð síðasta fundar var samþykkt.
2. Skýrsla framkvæmdastjóra og formanns
  - a. Starfslok Guðmundar Guðmundssonar  
Í framhald af samtölum við stjórnarmenn náðist samkomulag við Guðmund Guðmundsson um að hann myndi láta af störfum sem landsliðsþjálfari Íslands. Þá var jafnframt gert samkomulag við Gunnar Magnússon og Ágúst Jóhannsson um að þeir myndi stýra liðinu núna í vor. Er Guðmundi þökkuð frábær störf í þágu sambandsins.
  - b. Verkefni landsliða framundan  
RG kynnti þau verkefni sem eru framundan í mars og apríl hjá bæði A landsliðum og yngri landsliðum. Þá er úrslitahelgin í Poweraid bikarnum um miðjan mars.
3. Þjálfaramál A landsliðs karla  
Skipuð var nefnd innan stjórnar sem vinnur að ramma í kringum ráðningu landsliðsþjálfara karla. GBO mun leiða þá vinnu. Fundað verður með landsliðsnefnd karla.
4. Ársþing HSÍ  
Tímasetja þarf ársþing HSÍ. Lagt er til sunnudaginn 30. Apríl kl.10.00 og að þingfulltrúum verði boðið á landsleik Íslands og Eistlands. RG kynnti einnig þær umræður sem eru í hreyfingunni varðandi lagabreytingar. Þá þurfa framboð til endurkjörs að liggja fyrir, fyrir formannafund.
5. Breyting á reglugerðum  
Laganefnd vinnur áfram að breytingum á reglugerð og þá hefur borist beiðni frá Selfoss um breytingu á reglugerð um búninga. Stjórn leggur tillöguna í hendur laganefndar og beinir eins til laganefndar að setja í reglugerð að félag þurfi að eiga einn dökkan og einn ljósan búning.
6. Formannafundur  
Lagt er til formannafund miðvikudaginn 15. mars kl.16.00.
7. Önnur mál
  - a. RG kynnti að vísað hafi verið til aganefndar hegðunar Sigurðar Bragasonar eftir leik ÍBV og Vals í Olís deild kvenna sem fram fór sl. laugardag.

Fleira var ekki gert og var fundi slitið.

Róbert Geir Gíslason, fundarritari